



Minjastofnun Íslands

Suðurgötu 39

101 Reykjavík

Akranesi, 29. mars 2019

1903002 SFP/sas

Efni: Vegna umsóknar um styrk vegna varðveislu kútters Sigurfara.

Á undanförunum árum hefur verið unnt að vinna að rannsóknum á kúttur Sigurfara fyrir tilstuðlan styrkveitinga Minjastofnunnar Íslands og er þeim rannsóknum nú lokið. Hér á eftir verður greint frá helstu vörðum í rannsóknum á kúttur:

- Fyrsti áfangi í varðveislu skv. bréfi Akraneskaupstaðar til Minjastofnunnar dags. 16. desember 2015, samningur dags. 18. desember 2015.
 - Ráðning tímabundins verkefnastjóra sem skildi vinna að: skilgreiningu rannsóknaraðferða til varðveislu heimilda um kúttur Sigurfara, leita samstarfs, setja upp verk-, tíma- og fjárhagsáætlanir, útbúa styrkumsóknir og skýrslugjöf.
 - Verkefni lauk 16. desember 2016 með skilum á fjórum afurðum til Minjastofnunar, skil gerð með tölvupósti. Jafnframt veitti MI heimild fyrir því að ónýttur styrkur vegna verkefnisins yrði nýttur við framkvæmd tveggja verkefna sem skilgreind voru í skýrslu Evu Kristínar Dal:
 - Alþjóðlegt málþing um varðveislu skipa sem fór fram á Akranesi og í Reykjavík 23. og 24. febrúar 2017. Heiti málþingsins var: Challenges Facing Historic Ship Conservation: Reconstruction or Deconstruction.
 - Rannsókn á kúttur Sigurfara með verkefnismarkmiðin: skrásetningu á heimildum um kútturinn, söfnun heimilda í munnlegri geymd, söfnun ljósmynda af kúttur, skrásetning á byggingarlagi kúttursins og skrásetning á heildarmynd skipsins. Auk nýtingar á styrk frá árinu 2015 veitti MI styrk úr fornminja sjóði árið 2017 til rannsóknarinnar. Samningur dags. 6. apríl 2017.



Akraneskaupstaður

Dagana 9.-13. apríl var unnið að myndmælingu á kúttinum. Norðmaðurinn Gunnar Molmstad frá Nordnorsk Fartøyvernssenter myndaði skipið í bak og fyrir og voru ljósmyndirnar notaðar til að útbúa þrívíddarlíkan af skipinu. Samhliða vinnu Gunnars var haldin vinnustofa fyrir starfsfólk safna á Íslandi þar sem aðferðafræði myndmælingar var kennd. Verkefni lauk 4. september 2018 með skilum á skýrslu um heimildaskráningu til Minjastofnunar, skil gerð með tölv pósti.

Með þeim rannsóknum sem framkvæmdar voru telur bæjarfélagið sig hafa sinnt rannsóknum á gripnum með fullnægjandi hætti. Með niðurstöðum rannsókna og þeirri staðreynd að ekki er um skráðan safngrip að ræða óskar bæjarráð Akraness hér með eftir heimild Minjastofnunar Íslands til förgunar á kúttir Sigurfara sem stendur á svæði Byggðasafnsins í Görðum Akranesi. Áður en til förgunar kemur yrði áhugasömum aðilum gefinn kostur á að eignast skipið en ef ekki næst samkomulag um slíkt yrði skipinu fargað.

Fyrir hönd Akraneskaupstaðar,

Sævar Freyr Þráinsson

bæjarstjóri